

**141. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. maí 2014 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Erla Friðriksdóttir, Agnes Stefánsdóttir varamaður og Þórólfur Halldórsson varamaður. Arnheiður Jónsdóttir og Magnús A. Sigurðsson boðuðu forföll.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Fundargerð 140. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um skeldýrarækt í Djúpafirði**

Málgögn bárust frá Matvælastofnun um umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um skeldýrarækt í Djúpafirði.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir athugasemd við að umbeðið helgunarsvæði er mun stærra en það svæði sem fyrirhugað er að nýta til tilraunaeldisins. Einnig er bent á að mat á umhverfisáhrifum fór fram við könnun á vegkostum á nýjum Vestfjarðavegi nr. 60, Bjarkarlundur-Eyri m.a. í mynni Djúpafjarðar. Náttúrustofa Vestfjarða annaðist stóran hluta þeirra rannsókna. Greinilegt er að það svæði sem beðið er um er innan fyrirhugaðrar veglínu og skarast við helgunarsvæði arna sbr. lög nr. 64/1994. Innan svæðisins er einnig fellisvæði álfta. Ekki verður af innsendum gögnum greint hvar tilgreind hnit liggja með tilliti til stórstraumsfjöruborðs og netlaga. Nefndin hvetur til þess að gerð verði nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Reykhólahrepps líkt og sveitarfélögin Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur og Ísafjarðarbær létu vinna fyrir Arnarfjörð.

**Tillaga að svæðisskipulagi Snæfellsness**

Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness óskar eftir umsögn um tillögu að svæðisskipulagi Snæfellsness og umhverfisskýrslu tillögunnar.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir ánægju sinni með þá vinnu sem sveitarfélögin hafa lagt í við gerð svæðisskipulagsins og óskar þeim til hamingju með framtakið.

Nefndin bendir á að ekki verði með glöggum hætti séð hvar mörk skipulagssvæðisins liggja til sjávar og gagnvart öðrum sveitarfélögum við Breiðafjörð.

Nefndin telur brýnt að gerð verði nýtingaráætlun fyrir strandsvæði sveitarfélaga við Breiðafjörð og að svæðisskipulagið nái að sveitarfélagamörkum í sjó, sbr. umfjöllun sveitarfélaga á Snæfellsnesi um verndaráætlun Breiðafjarðar.

Nefndin bendir einnig á að umfjöllun um hlunnindi og hlunnindanytjar vantar.

Jafnframt er bent á ósamræmi í umfjöllun um álag á náttúruminjar og menningarminjar af völdum vaxandi ferðamannafjölda í kafla 5. Enn fremur er bent á að þegar fjallað er um að skipuleggja og kynna ferðaleiðir er mikilvægt að siglingarleiðir séu þar meðtaldar.

### **Lenging landveggs ferjubryggju í Stykkishólmshöfn**

Stykkishólmsbær óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna fyrirhugaðrar lengingar landveggs ferjubryggjunnar um 5,5 metra í Stykkishólmshöfn.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið.

### **Önnur mál**

**Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:10. Næsti fundur verður haldinn 10. júní 2014.**